

Nd.

593. Frumvarp til laga

[198. mál]

um iðnskóla.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI

Hlutverk og inntökuskilyrði.

1. gr.

Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvun, er skólarnir hafa ráð á. Enn fremur skulu skólarnir eftir fögum veita þeim viðtöku, sem búa sig undir vinnu í verksmiðjum eða aðra iðju, sem ekki þarf sveinspróf til.

2. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að umsækjandi sé eigi yngri en fullra 15 ára;
2. að hann hafi lokið miðskólaprófi verknámsdeildar;
3. að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám.

Iðnskólum er þó heimilt að taka nemendur, sem lokið hafa miðskólaprófi bóknámsdeildar. Meðan lög um gagnfræðanám eru ekki að fullu komin til framkvæmda, er enn fremur heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi. Þessum nemendum öllum skal sjá fyrir undirbúningskennslu og sannreyna með prófi, að þeir hafi hlotið nauðsynlega þekkingu í bóklegum og verklegum greinum, áður en þeir byrja á reglulegu námi.

II. KAFLI

Stofnun iðnskóla og stjórn.

3. gr.

Forgöngu um stofnun iðnskóla geta haft:

1. Bæjarstjórnir;
2. sýslunefndir eða hreppsnefndir, enda semji hlutaðeigandi sveitarfélög, ef fleiri eru en eitt, um greiðslu þess hluta stofnkostnaðar og reksturskostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki;

3. iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra, enda komi til meðmæli og samþykki þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölulið.

Fræðslumálastjórn ákveður síðan um stofnun skólans, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa og fræðsluráðs.

Fræðslumálastjórn löggildir iðnskóla þá, sem nú eru starfandi, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa og fræðsluráðs.

4. gr.

Eigi skal löggilda iðnskóla nema þar, sem 10 nemendur eða fleiri geta skipað fyrsta bekk annað hvert ár. Skytt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir fullnægja settum skilyrðum. Iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki skulu tilkynna hlutaðeigandi skóla, þegar samningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum.

5. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirstjórn allra iðnskóla í landinu.

Leita skal álits iðnfræðsluráðs um öll meiri háttar atriði, er skólana varða. Iðnerindreki skal samræma störf skólanna og annast námsstjórn.

6. gr.

Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar sem kaupstaður stendur einn að skóla, hreppur eða sýsla, kýs bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sýslunefnd 2 nefndarmenn hluthundinni kosningu á 1. fundi eftir kosningar. Ef 2 sýslur eða fleiri eða 2 hreppar eða fleiri standa að sama skóla, kýs hver sýslunefnd eða hver hreppsnefnd einn nefndarmann. Iðnaðarmannafélag hlutaðeigandi staðar kýs jafnmarga menn til sama tíma.

Fræðslumálastjórn skipar formann nefndarinnar til sama tíma.

Verksvið skólanefndar skal ákveðið með erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

III. KAFLI

Fjármál.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar viðurkenndra iðnskóla. Hinn hlutann greiða þeir, sem að stofnun skólans standa. Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum, svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum. Stofnkostnaður iðnskóla greiðist eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda sé tryggt framlag á móti.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara. Annar reksturskostnaður greiðist af sömu aðilum og stofnkostnaður, og í sömu hlutföllum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki, sem láta nemendur ganga í skólann, greiða gjöld vegna þeirra eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við skólanefnd. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólavinnustofum koma til frádráttar reksturskostnaði, áður en honum er skipt.

9. gr.

Skólanefndir annast fjárreiður og reikningshald skólanna.

IV. KAFLI

Kennsla.

10. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Fer hún fram í skólum og á námskeiðum.

Skólunum skal svo fyrir komið, að nemendur geti stundað þar nám samhliða verklegu námi hjá meistara eða iðnfyrirtæki.

11. gr.

Námskeið samkvæmt 2. málsg. 2. gr. skulu standa 3—9 mánuði, og má halda þau í iðnskólunum eða í öðrum skólum í samráði við stjórnendur iðnskólanna.

12. gr.

Námskeið til undirbúnings iðnnámi má halda til þess að gefa unglingum færi á að kynnst áhöldum, efni og vinnuaðferðum í ýmsum iðnum og iðjugreinum, svo að reynsla fáiast um það, hversu hæfir þeir eru til þess að stunda þær sem ævistarf. Kennslan fer aðallega fram í skólavinnustofum og stendur 3—9 mánuði.

13. gr.

Reglulegt iðnskólanám skal vera í nánú sambandi við þær iðnir og iðjugreinar, er nemendur skólans leggja stund á. Skólanum ber að sjá nemendum fyrir bóklegri kennslu, og verklegri í þeim greinum, sem nauðsynlegar eru iðn þeirra og framtíðarstarfi og ekki verða nægilega kenndar hjá meistara eða iðnfyrirtæki að dómi iðnfræðsluráðs.

14. gr.

Þessar námsgreinar skal kenna: Íslenzku, reikning og stærðfræði, teiknum, eðlisfræði, efnafræði, efnisfræði, áhaldafraði og bókfærslu, svo og sérfræði hverrar iðngreinar, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig er heimilt að kenna eitt erlent mál, ef skólanefnd ákveður.

15. gr.

Reglulegt iðnskólanám stendur að jafnaði 4 ár. Kennslustundir skulu vera 960—1200 allan námstímann að prófum frátöldum. Heimilt er að haga skólahaldi svo, að nemendur sækji fullan kennslustundafjölda daglega 2—2½ mánuð á ári, eða 10—15 stundir á viku að meðaltali 5—8 mánuði á ári, eftir atvinnuháttum og öðrum aðstæðum.

Auk þessa skulu þeir, sem nema iðn til sveinsprófs í skólanum sjálfum, vinna í vinnustofu hans samkvæmt námssamningi.

16. gr.

Verkleg kennsla skólanna skal fara fram í vinnustofum þeirra eða öðrum vinnustöðvum, sem þeir hafa ráð á. Í vinnustofum skóla skal haga störfum sem líkast því, sem tíðkast í hliðstæðum vinnustofum, og skal búa þær í samráði við iðnfræðsluráð og iðnfulltrúa. Ákvæði laga um iðnfræðslu varðandi kjör nemenda, námstíma o. fl. taka einnig til nemenda í skólavinnustofum eftir því, sem við getur átt samkvæmt nánari ákvörðun iðnfræðsluráðs.

V. KAFLI

Framhaldsnám.

17. gr.

Við iðnskólann í Rykjavík skal koma á framhaldskennslu fyrir iðnaðarmenn, jafnskjótt og tók eru á. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðna. Kennslan fer fram í skóla eða á námskeiðum.

18. gr.

Framhaldsskólinn er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistaraþróf eða verkstjórn í iðn sinni. Hann er eins árs skóli hið minnsta með 44 stunda vikukennslu 7—8 mánuði eða þriggja ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári.

19. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, teiknun, efnafræði, efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu. Einnig má kenna eitt erlent tungumál, helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafar, landmælingar, burðarþolsfræði, hjálp í viðlögum o. fl. Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum, og skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis.

VI. KAFLI

Kennarar.

20. gr.

Fræðslumálastjórn skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar og iðnerindreka, og fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Um launakjör og kennsluskylda svo og menntun kennara í almennum greinum gilda sömu ákvæði sem um skólastjóra og fasta kennara við gagnfræðaskóla.

21. gr.

Fasta kennara í vinnustofum skóla má ekki ráða aðra en iðnaðarmenn með meistaraþréttindum.

Í erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur, skal kveða á um verksvið skólastjóra og kennara.

22. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. — Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trúfli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

23. gr.

Fræðslumálastjórn setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Þar skal meðal annars ákveða nánar um námstilhögun og námsskrá, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskirteini.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt numin úr gildi öll ákvæði, er fara í bág við þau.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra og hafa nefndarmenn að öðru leyti óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frv. fylldi svo hljóðandi greinargerð.

„Frumvarp þetta er samið með nokkurri hliðsjón af frv. því til laga um iðnskóla, er lá fyrir Alþingi 1941, 1942 og 1943. Enn fremur var haft til samanburðar frv. um sama efni, sem nefnd iðnaðarmanna undirbjó og síðan var samþykkt á iðnþingi í október 1945. Skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík kom einnig nokkrum sinnum á fund skólamálanefndarinnar, og var ráðgæzt við hann um ýmis atriði frumvarpsins. Er hann samþykkur frumvarpinu í núverandi mynd að öðru en því, að hann telur miðskólapróf bóknámsdeildar sízt lakari undirbúning en miðskólapróf verknámsdeildar.

Engin regluleg lagafyrirmæli eru til um iðnskóla. Í lögum um iðnaðarnám nr. 100 11. júní 1938 er að vísu gert ráð fyrir iðnskólum. Í 10. gr. þeirra laga er lærimeistara gert að skyldu að láta nemanda ganga í iðnskóla, ef slíkur skóli er til á staðnum, og í 11. gr. er ákveðið, að nemandi megi ekki fá sveinsbréf, nema hann hafi staðizt lágmarkspróf í bóklegum fræðum, og að prófi þessu skuli ljúka í iðnskóla, þar sem hann er. Í reglugerð um iðnaðarnám nr. 38 29. marz 1941 eru svo samkvæmt þessu sett ákvæði um lágmarkskröfur til burtfararprófs úr iðnskólum (25.—28. gr.). Um sjálft skólahaldið eru þar engin ákvæði önnur en þau, að lágmark skólatíma fyrir nemendur, sem ekki hafa annan undirbúning en barnaskólanám, skuli vera samtals 720 kennslustundir yfir allan skólatímam.

Frumvörp um þetta efni hafa nokkrum sinnum legið fyrir Alþingi, eins og fyrr segir, en enga afgreiðslu fengið. Má varla öllu lengur við þetta una, svo mikill sem hlutur iðnaðarins er orðinn í athafnalífi þjóðarinnar. Það er og mjög mikilsvert, að jafnfjölmenn og mikilsverð stétt og iðnaðarmenn fái sem beztan undirbúning undir ævistarf sitt.

Iðnskólar hafa starfað allengi á nokkrum stöðum. Hafa þeir allir komizt á fót fyrir tilstilli iðnaðarmanna og félagsskapar þeirra. Hlutverk þeirra hefur verið að veita iðnnemum, sem annars fá verklega kennslu hjá iðnmeisturum, nokkra hagnýta bóklega fræðslu, sem þeim kæmi að notum við iðn sína. Iðnaðarmenn kostuðu skólana sjálfir fyrst í stað, en á síðari tímum hafa þeir fengið verulegan styrk úr ríkissjóði og sums staðar einnig nokkurn styrk úr hlutaðeigandi sveitar-sjóði. Veturinn 1946—47 voru iðnskólar starfandi á 15 stöðum á landinu og nemendur alls 1427. Ríkisstyrkur til skólanna nam alls kr. 250 000.00.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Ein meginbreyting felst í þessu frv. frá því, sem verið hefur. Gert er ráð fyrir, að skólarnir geti tekið nemendur og kennf þeim bæði bóklegt og verklegt, svo að þeir þurfi ekki að stunda venjulegt iðnnám hjá meistara. Til þess þarf skólinn að hafa eigin vinnustofur eða eiga aðgang að fullkomnum vinnustofum eða vinnustöðvum, þar sem verklegt nám geti farið fram. Ekki er þess von, að slík aðstaða geti orðið við hvern skóla. Fyrst um sinn mun varla mega gera ráð fyrir því, að það verði annars staðar en í Reykjavík. En þar er nýbyrjað að reisa skólahús, og er í því ætlað rúm fyrir nokkrar slíkar vinnustofur. Skólamálanefnd lítur svo á, að þetta fyrirkomulag hafi nokkra kosti umfram það, sem nú er. Svo gæti staðið á, að kennslu mætti koma þar við í iðngrein, sem lítil tók væru á að læra hjá meistara. Um nokkurt skeið var mjög erfitt að komast í iðnaðarnám hjá meisturum. Mörgum iðngreinum var því nær eða alveg lokað með samtökum iðnaðarmanna í því skyni að tryggja atvinnu handa þeim, sem þegar höfðu lært. Þetta varð til þess, að mjög bagalegur skortur varð um tíma á iðnlærðum mönnum í mörgum greinum og er jafnvel enn. Það er mjög óviðeigandi, að mönnum sé ekki leyft að nema það, sem þeir óska, ef þeir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru, enda þótt námið veiti réttindi til vissra starfa. Ef iðnskóli væri fyrir hendi, sem tekið gæti nemendur í fullkomið iðnaðarnám, bæði bóklegt og verklegt, mundi ekki vera hægt að framkvæma slíka lokun iðngreinanna og sízt til langframa. Í Svíþjóð er þetta fyrirkomulag notað jöfnum höndum við iðnaðarnám hjá meisturum.

Um 2. gr.

Engin sérstök skilyrði hafa verið sett um inntöku í iðnskóla önnur en þau, að vera ráðinn í iðnnám. Höfðu nemendur þá ekki annan bóklegan undirbúning en það, sem þeir höfðu numið í barnaskóla. Hefur því alls staðar orðið að kenna eitthvað af almennum námsgreinum í iðnskólum. Þó hefur það orðið af svo skornum skemmti, að til stórbaga hefur orðið fyrir marga iðnaðarmenn. Úr þessu er ekki hægt að bæla, nema með því að auka undirbúningsmenntun iðnnema. Eftir að þeir eru komnir í iðnnám, hafa þeir ekki tíma til að sinna meira námi en því, sem nauðsynlegt er vegna iðnarinnar, enda er hér gert ráð fyrir því, að iðnskólar kenni sem minnst almennar námsgreinar, en leggi aðallega kapp á þær, sem nauðsynlegar eru í sambandi við iðnnámið. Aftur á móti er lagt til, að þriggja vetra nám í gagnfræðaskóla verði skilyrði til inngöngu eða tveggja vetra nám umfram það, sem nú er, þar sem barnapróf færast niður um eitt ár eftir nýju skólalögunum. Prófi úr 3. bekk gagnfræðaskólans, miðskólaprófi, mundi almennt verða lokið á 16. aldursári. Kemur það vel heim við lágmarksaldur iðnnáms, sem er 16 ár. Gert er ráð fyrir, að próf úr verknámsdeild sé meginreglan, sökum þess, að í verknámsdeild fá nemendur svipaða undirstöðu í íslenzku og reikningi og bóknaámsdeildarnemendur, og í verklegum greinum miklum mun meiri. Telur skólamálanefndin, að sú undirstaða, sem lögð verður í verknámsdeild, t. d. í smíði og handavinnu, eigi að vera góður undirbúningur og auðvelda iðnnámið. Geta má og þess, að flestir verknámskennarar hljóta svipaða menntun í sinni aðalgrein og iðnaðarmenn og margir þeirra hafa iðnréttindi. Í þessu mikilvæga atriði telur skólamálanefndin, að verknámsdeildarfólk standi mun betur að vígi til iðnnáms en bóknaámsdeildarfólk. Þess vegna telur nefndin, að bóknaámsdeildarmenn mundu þurfa einhverja aukatilsögn í teikningu og öðrum verklegum greinum til þess að sýna handlag og verkskilning. Ef hæfnisprófum verður komið á, geta þau orðið mjög mikilsverð leiðbeining um val hæfra manna til iðnaðarnáms.

Um 3. gr.

Enda þótt iðnskólar séu nú á 15 stöðum, má búast við, að þeim fjölgi enn nokkuð. Rétt þykir, að bæði sveitarstjórnir og samtök iðnaðarmanna geti haft forgöngu um stofnun skóla, því að hvorir tveggja þessara aðila geta haft hagsmuna að gæta. Rétt virðist og, að fleiri sveitarfélög en eitt geti staðið að stofnun og rekstri iðnskóla.

Ef hlutverk iðnfræðsluráðs og iðnfulltrúa verður ákveðið líkt og gert er ráð fyrir í frv. því til iðnfræðslu, er lá fyrir Alþingi 1946, eru þessir aðilar sjálfsgæðir fræðslumálastjórninni til ráðuneytis um öll mál, sem iðnskólana varða.

Um 4. gr.

Varla þykir fært að lögilda og styrkja iðnskóla, sem færri nemendur hafa en hér segir, eða þannig, að 20 nemendur séu til jafnaðar í skóla í einu. Sumstaðar kynni námi að verða þagað þannig, að skólinn starfaði annað hvert ár og kennt yrði sama vetur sem svaraði tveggja ára námi annars staðar, t. d. þannig, að á fyrsta ári iðnnámsins lyki nemandinn 1. og 2. bekkjar námi, en á þriðja ári iðnnámsins lyki hann 3. og 4. bekkjar námi í iðnskólanum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 5. gr.

Iðnskólar hafa fram að þessu heyrt undir atvinnumálaráðuneytið. Hér er lagt til, að þeir hverfi til menntamálaráðuneytisins. Þar er hvort sem er yfirstjórn skólamálaanna í heild. Sjá má fyrir sérfróðri aðstoð með samstarfi við iðnfræðsluráð, og iðnfulltrúa, ef hann verður skipaður. Þykir þá og rétt, að hann verði námsstjóri þessa skólaflokks. Iðnaðarmálin heyra vitanlega eftir sem áður undir annað ráðuneyti, að því leyti sem þau eru atvinnumál, en þar er ekki að vænta neinnar sérfræði um skólamálin.

Um 6. gr.

Skipan sú á skólanefnd, sem hér er gert ráð fyrir, er hliðstæð því, sem er um skólanefndir húsmæðraskólanna.

Um 7. gr.

Sérstök hús fyrir iðnskóla munu varla verða reist nema á fáum stöðum, einkum í kaupstöðum. Annars staðar munu þeir hér eftir sem hingað til verða til húsa í öðrum skólum. Er það víða allauðvelt þar, sem iðnskólar starfa á kvöldin. Stungið er upp á því, að stofnkostnaður greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður gagnfræðaskóla.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi um greiðslu reksturskostnaðar og gildir um reksturskostnað gagnfræðaskóla. Ekki þarf að gera ráð fyrir mörgum föstum kennurum við þessa skóla. Í Reykjavík munu nú vera 5 fastir kennarar, en annars staðar eru allir kennarar stundakennarar.

Skólamálanefndin gæti vel fallið á, að iðnskólar væru ríkisskólar að öllu leyti eins og flestir aðrir sérskólar, sem búa nemendur undir ákveðin störf (bændaskólar, stýrimannaskóli, vélaskóli, kennaraskóli o. fl.). Mætti þetta að mörgu leyti sanngjarnt kallast. Nefndin hefur þó ekki viljað leggja þetta til. Liggja til þess tvær orsakir aðallega. Iðnaðarmenn hafa víðast hvar haft forgöngu um stofnun iðnskólanna og einnig borið að nokkru leyti ábyrgð á þeim fjárhagslega. Þessi áhugi og stuðningur stéttarinnar við skólana er mikils verður, en hætt við, að hann rénaði, ef skólarnir yrðu algerlega ríkisskólar. Í öðru lagi telja ýmsir staðir, kaupstaðir og kaupsýn, sér hag í því, að þar sé iðnskóli, þótt ekki sé stór. Ungir menn og efnilegir hverfa þá síður að heiman til þessa náms og flendast síður annars staðar. Skólinn verður þannig stöð undir atvinnulíf á staðnum, og því rétt, að sveitarfélagið taki þátt í kostnaði við hann.

Um 9. gr.

Fjárreiður og reikningshald yrði með sama hætti og hjá gagnfræðaskólum. Nánari ákvæði mætti setja í reglugerð, ef þurfa þætti.

Um 10. og 11. gr.

Virðast ekki þurfa skýringar.

Um 12. gr.

Námskeið þau, sem þessi grein ræðir um, gætu orðið gagnleg í því skyni að velja hæfa menn í iðnaðarnám. Í sambandi við hæfnispróf mætti og með nokkurri vissu segja til um það, í hverja iðngrein hver ætti helzt að fara.

Um 13. og 14. gr.

Upptalning á námsgreinum er ekki tæmandi, enda rétt, að ákveða megi um þær í reglugerð eftir því, sem reynsla sýnir að nauðsynlegt er. Bóklegt nám iðn- nema fer að sjálfsögðu fram í iðnskólunum. Hér er gert ráð fyrir, að nemendur geti einnig fengið þar nokkra verklega tilsögn, þótt verklegt nám þeirra sé annars hjá meistara. Vel gæti staðið svo á, að sýna mætti í vinnustofu skóla nýjar vinnuvélar, verkfæri eða vinnuaðferðir, sem ekki væri fyrir hendi hjá meistara.

Um 15. gr.

Sá námstími, sem hér er ákveðinn, er mjög í samræmi við það, sem tíðkamt hefur. Í reglugerð um iðnaðarnám frá 1941 er lágmark námstíma fyrir þá, sem aðeins hafa fengið barnaskólanám að undirbúningi, ákveðið 720 kennslustundir allan námstímamann. Víðast mun kennslustundafjöldinn þó hafa verið nokkru meiri.

En þar sem hér er gert ráð fyrir miklu meiri undirbúningi, ætti menntun iðnaðarmanna að verða betri, enda þótt sjálft iðnskólanámið sé ekki lengt til muna.

Viðast eru iðnskólar kvöldskólar, og sækja iðnnemar þá að loknu dagsverki á vinnustað. Má þá ekki hafa langan skólatíma daglega. Í frv. því til laga um iðnfræðslu, sem lá fyrir síðasta Alþingi og áður getur, er hámark kennslustunda sett 12 á viku, ef nemandinn vinnur meðfram skólanáminu. Við það er miðað hér í fyrsta lagi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir fullum skólatíma eða a. m. k. 30 stundum á viku 2 mánuði eða 2½ mánuð á ári, og má nemandinn þá ekki vinna að öðru þann tíma. Þetta hefur verið reynt á nokkrum stöðum og gefið vel, einkum þar sem atvinna er lítil yfir suma vetrarmánuðina.

Um 16. gr.

Þar sem fullkomið iðnnám í vinnustofum skóla er nýmæli, er ekki hægt að setja í lögum nákvæmar reglur um það. Reynslan verður að sýna, hvernig því verður haganlegast fyrir komið. Þó virðist sjálfsagt, að því sé hagað sem líkast því, sem er við iðnnám annars staðar, þó svo, að námið í skólunum verði heldur til fyrirmyndar. Að öðru leyti verða lög um iðnaðarnám að tákna til þessa náms á hverjum tíma, eftir því sem við á.

Um 17.—19. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að komið verði á nokkurri framhaldskennslu fyrir iðnaðarmenn. Þessu verður hvergi við komið nema í Reykjavík, og ekki fyrr en reist hefur verið hús yfir iðnskólann þar. Full þörf er á þessari auknu fræðslu fyrir iðnaðarmenn, enda hafa komið fram ákveðnar raddir um það, að ekki fái aðrir meistarábréf í byggingariðnaði en þeir, sem lokið hafa meistaraprófi, bæði verklegu og bóklegu. Ekki mundi þessi kennsla um sinn jafnast á við fullkomna iðnfræðaskóla erlendis, því að til þess mundi þurfa fullkominn þriggja ára skóla.

Námsskeið þau, sem nefnd eru í niðurlagi 17. gr., væru einkum til þess, að menn gætu fengið nokkra fullkomnun í einstökum iðngreinum eða sérþáttum þeirra, án þess að til prófs kæmi.

Um 20.—24. gr.

Hliðstæð ákvæði og í öðrum lögum, sem Alþingi hefur nýlega sett um skólamál.